



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Laugasól

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
4 Innra mat - Fagrilækur og Vinalækur (börn fædd 2016-2017).....	11
5 Innra mat - Undralækur (börn fædd 2018)	12
6 Innra mat - Ljúfilækur (börn fædd 2018-2019)	14
7 Innra mat – Draumalækur (börn fædd 2019-2020)	16
7 Innra mat - Sunnulækur (börn fædd 2019-2020).....	18
8 Innra mat - Mánalækur (börn fædd 2019-2020).....	20
9 Innra mat sérkenndu.....	21
10 Innra mat – fjöltyngd börn.....	25
11 Umbótaáætlun - fjöltyngd börn 2022-2023	26
12 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	26
13 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	28
14 Foreldrasamvinna	28
15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	29
16 Fylgigögn	29



Leiðarljós leikskólans



1 Greinargerð leikskólastjóra

Sl. skólaár var að hluta til litað af heimsfaraldri eins og árið á undan. Við lentum í hópsýkingu í ársbyrjun 2022 og var þá lokað að hluta til í leikskólanum. Annars þurfti ekki að skerða mikið þjónustu vegna þessa og áttum við gott samstarf við foreldra.

Þetta er annað skólaárið okkar þar sem við höfum verið í húsnæðisvanda vegna lokunar á kjallara í efra húsi í Laugasól. Nú stendur til að fara í framkvæmdir í efra húsi á þessu ári, laga það sem þarf að laga, endurgera kjallarann og bæta þar við tveimur deildum og koma upp góðri og nútímalegri starfsmannaaðstöðu. Einnig á að endurgera lóðina við efra húsið samhliða þessu. Í neðra húsi á að fara í einhverjar framkvæmdir líka og verður m.a. skipt um þak. Þetta hefur eðlilega áhrif á leikskólastarfið, en með frábærum kennurum sem eru lausnamiðaðir þá hefur okkur tekist að gera þetta án þess að það komi niður á námi barnanna. Við erum með rútu sem við förum með hópa í ferðir þrjá morgna í viku sem hefur reynst vel og verið gaman fyrir börn og kennara. Það verður okkur svo mikil áskorun þegar framkvæmdir byrja á fullu og þá er bara að taka einn dag í einu, finna lausnir og hjálpast að við að leita leiða sem hjálpa okkur í gegnum það tímabil. Fækkað verður um 20 börn í Laugasól næsta skólaár vegna þessara framkvæmda og á það eftir að hjálpa okkur mikið.

Við fengum Grænfánann í fimmta skipti á þessu skólaári og fengum Regnbogavottun Reykjavíkurborgar ásamt öðrum skólum hér í hverfinu og erum mjög stolt af því.

Við erum byrjuð í endurskoðun á námskránni og búin að eiga góðar fagumræður á þessu skólaári. Okkar markmið er að samræma meira skólastarfið og skerpa á okkar leiðum. Þetta verður klárað á næstu mánuðum og vonandi verður hægt að kynna nýja og endurbætta námsská um leið og við fögnum nýju og endurbættu húsnæði.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Á skipulagsdegi í október var ákveðið að hafa sérstakt mat í báðum húsum um aðlögun. Í neðra húsinu tókum við inn nýnema en í því efra er verið að flytja börn á milli húsa, deilda og jafnvel einhverjir nýnemar að sameinast hópunum sem fyrir eru.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Aðlögun barna í neðra húsi, yngri börn.	Umræður á skipulagsdegi.	Allir starfsmenn neðra húss.	Halda áfram með þátt-tökuaðlögun eins og verið hefur en hafa hámark 10 börn í einu í aðlögun og góðan tíma á milli áður en næsti hópur kemur. Foreldrar eru með allan tímann alla þessa þrjá daga og engar undantekningar. Nota tímann til að byggja upp traust og góða samvinnu við heimili. Aðlögun á milli húsa: Fara með börnin reglulega í garðinn í efra húsi yfir sumarið. Starfsmenn af tilvonandi deild barna koma í heimsókn í neðra hús ca. 3 sinnum stuttu fyrir flutning og börnin fara í heimsóknir í efra hús. Börnin fari í tvær heimsóknir á tilvonandi deild



			áður en flutningur verður.
Aðlögun barna efra hús, eldri börn.	Umræður á skipulagsdegi.	Allir starfsmenn efra húss.	Aðlögun í efra húsi hefur verið allt of hröð og hefur það verið mat allra að vanda þurfi hana betur. Það er mat okkar að við verðum að gefa okkur einn dag til að flytja börnin á milli deilda. Næsta dag koma svo börnin úr neðra húsi á sínar deildir. Starfsmenn úr neðra taka fyrsta dag í aðlögun. Foreldrar fylgja svo börnum sínum eftir næsta dag og kynnst þá um leið nýjum kennurum og nýrri deild barna sinna. Nýnemar í efra hús koma þegar allur flutningur er yfirstaðinn á milli deilda og húsa.



Mat á einingakubbastarfi í neðra húsi - yngri börn

Í Laugasól er verkefnastjóri sem sér um kubbastundir fyrir yngri börnin einu sinni í viku allan veturinn. Lesa má hennar mat hér að neðan:

Þá er enn einn veturinn liðinn sem skilur eftir sig margar einingakubbasögur í Laugasól. Í leik með einingakubbana eru börnin að afla sér þekkingar og reynslu en þeir eru taldir eitt besta námsefni fyrir börn þegar kemur að sjálfsnámi. Sem þýðir að börn ættu að fá sem flest tækifæri til að spreyta sig með þá, því reynsla þeirra er ekkert minna raunveruleg en reynslan sem þau eiga eftir að afla sér síðar (Úr The Block Book).

Í upphafi byggingaleiks barna eru þau að glíma við rúmfræðilegt samband á milli kubbanna:

- Nálægð (næst við, við hlið, ofan á).
 - Raðir og regla.
 - Umgirt svæði (inn í og fyrir utan).
 - Samfella (yfirborð er samfellt).
 - Umfang (þrívídd; kubbar komnir ofan á aðra kubba, undir og í kringum).
- (Úr The Block Book).

Það má því segja að ofangreindir þættir séu það sem börnin í Laugasól hafi verið upptekin af í vetur. Einnig hafa kennarar leiðbeint þeim varðandi umgengni og hegðun. Í lok vetrar var ég farin að reyna að sitja meira á hliðarlínunni og skrá jafnóðum til að freista þess að ná samtölum og samskiptum sem börnin eiga sín á milli. Þegar ég sit og skrifar hefur mér fundist þau sækja minna í mig sem ég held kannski að auki frumkvæði þeirra og virkni. Ég er auðvitað ekki búin að gera rannsókn á þessu en þetta er svona tilfinning mín.

Við höfum verið að telja með börnunum kubbana sem þau eru að nota, t.d. í turna og háa stafla sem þau byggja og þegar við flokkum og gerum stafla í frágangi. Þau eru auðvitað misjafnlega tilbúin í það og mis áhugasöm og hún er hárfín línan á milli þess að hvetja börn og pressa á þau og ekki alltaf ljóst hvaða ákvarðanir maður ætti helst að taka í þeim efnum.

Efla þarf alla kennara í báðum húsum til að taka þátt í kubbastundum og að í efra húsi fari öll börn einnig í kubbastund a.m.k. einu sinni í viku.

Mat á sköpun með eldri börnum í Laugasól

Í Laugasól er verkefnastjóri yfir sköpun og umhverfismennt. Sl. skólaár hefur hún unnið mest með tvo elstu árgangana. Börnin fá tækifæri til að prófa sig áfram inni og úti með mismunandi aðferðir og efnivið. Verkefnastjórinn hefur haldið utan um umhverfismenntina og verið leiðandi í því. Mikil ánægja er hjá börnum og kennurum með þessa leið en okkar helsta áskorun næsta skólaár er að efla aðra kennara í sköpun og umhverfismennt.



Ytra mat

Skóla- og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Tilgangur hennar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Þessar niðurstöður eru nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum. 16 starfsmenn eða 28.6% starfsmanna tóku þátt sem er mikið hrun frá þátttöku ársins á undan. Við þurfum sannarlega að laga þetta ef hægt á að vera að vinna út frá þessari könnun til að bæta skólastarfið okkar.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sjá súlurit að neðan.	Spurningarlisti sendur til starfsmanna	Starfsmenn Laugasólar	Sjá súlurit að neðan, punktar sýna meðalskor Skóla- og frístundasviðs.

Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna meðalskor alle sviðsins



3 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Niðurstöður starfsmannakönnunar í ytra mati sýna að of mikið álag er á starfsfólki og starfsaðstæður óviðunandi. Við þurfum að taka samtal og finna leiðir til að minnka álag. Í haust verður stofnaður samráðshópur samhliða endurskoðun nýrrar námskrár þar sem þessi umræða verður tekin og fundnar leiðir til að minnka álag á starfsmenn. Starfsaðstæður í Laugasól lagast ekki á meðan við erum í húsnæðisvanda vegna raka og á meðan framkvæmdum stendur. Það er því brýnt að halda vel á spöðunum og vinna hratt og örugglega að endurbótum.

Umbætur varðandi læsi í Laugasól.

Við ætlum að leggja áherslu á læsi á næsta skólaári og mesta áskorunin verður að samræma starfið í okkar stóra leikskóla og búa til samfellu á milli yngsta og elsta stigs. Aðrir þættir sem við vinnum með eru virkni og þátttaka barna og fagmennska og samstarf.

Markmiðið er að börn geti skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Boðið verður upp á þroskandi og hvetjandi viðfangsefni fyrir börnin í leikskólanum. Við ætlum að gera ritmálið sýnilegra og tengja það við aðalnámsefni okkar sem er opinn efniviður. Lagður verður grunnur að samfellu og útbúin læsisáætlun frá upphafi leikskólagöngu að útskrift. Efla þarf samtal kennara og samræma orðræðu á milli kennara. Gera þarf umhverfið þannig á öllum deildum að læsi sé sýnilegt öllum börnum og að þau hafi tækifæri til að nota það í frjálsa leiknum og tengja við allt skólastarfið.

Efla þarf samverustundir. Bókalestri, sögubókum, frásögnum, sögugerð og söng verður gert hátt undir höfði. Bókasafn verður yfirfarið með tilliti til gæða og góðra bókmennta.



UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tæki- færi til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Samræma starfs- aðferðir stjórnenda í Laugasól	Allir stjórn- endur í Lauga- sól vinna í takt með skýr mark- mið.	Setjum okkur skýr markmið og vinnum öll í takt varðandi starfs- aðferðir.	Allir stjórn- endur í Laugasól	Haut 2022	Vor 2023	Nota hluta af deildarstjóra- fundum alltaf fyrir faglegar umræður. Tveir seinniparts- fundir yfir skólaárið þar sem gefst tími fyrir samtal og ákvarðanatöku.	Metið reglulega í sam tali á deildar- stjóra- fundum.
Uppeldis- og mennta- starf							
Endur- skoða námskrá Laugasólar	Stefna og starfs- aðferðir leik- skólans verði skýr fyrir alla starfs- menn og for- eldra.	Nota skipulags- daga til sam tals og sam- ræmingar. Allir starfs- menn koma að endur- skoðun námskrár.	Stjórn- enda- teymi Lauga- sólar	Haut 2022	Vor 2023	Gert með sam- tali starfs- manna og stjórnendur vinna svo samantekt eftir samtal.	Útgáfa nýrrar námskrár vor 2023
Mann- auður/ Leikskóla- bragur							
Móttaka nýrra starfs- manna.	Hand- leiða og halda vel utan um nýja	Efla alla stjórn- endur í móttöku nýrra	Allir stjórn- endur í Laugasól.	Haut 2022	Vor 2023	Metið í við- horfskönnun og í starfsmanna- sam tali að vori.	Niður- stöður könnunar og sam- tals.

	starfs- menn.	starfs- manna og hafa hlut- verkin skýr. Leikskóla- stjóri og aðstoðar- leiksóla- stjóri eru með ný- liðafund í upphafi starfstíma þar sem farið er yfir starfs- manna- handbók o.fl. Deildar- stjórar sjá svo um á- framhald- andi hand- leiðslu með fundum á u.þ.b. tveggja vikna fresti á meðan á reynslu- tíma stendur.					
Upplýs- ingagjöf til allra starfs- manna	Allir starfs- menn fá upplýs- ingar um það sem skiptir máli til að efla skóla- starfið.	Það er á á- byrgð þeirra sem sitja fundi að upplýsa aðra um þær ákvarðanir sem eru teknar og fylgja þeim eftir.	Þeir sem sitja fundi eða eru kosnir í nefndir fyrir hönd annarra starfs- manna.	Haust 2022	Vor 2023	Metið í við- horfskönnun og starfsmanna- samtali við leik- skólastjóra.	Niður- stöður við- horfs- könnunnar og starfs- manna- samtals.



Innra mat							
Þátttaka barna í mati á leikskólastarfi	Börnin í Lauga-sól meta skóla-starfið.	Börn á öllum deildum koma í meira mæli að mati á leikskóla-starfi.	Á eldri deildum taka börnin þátt í umræðum og eru spurð spurninga varðandi leiðir til úrbóta. Á yngri deildum verður matið meira sjónrænt.	Deildarstjórar bera ábyrgð á að þetta sé gert í samráði við aðra starfsmenn deilda-anna.	Haut 2022	Vor 2023	Niður-stöður teknar saman og gerðar sýnilegar öllum.

4 Innra mat - Fagrilækur og Vinalækur (börn fædd 2016-2017)

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umhverfis-mennt	Bæta vinnu með moltuna og virkja börnin sem sérfræðinga í moltun og endurvinnslu.	Hafa molt-ara vik-unnar. Pappírs-lausrir föstu-dagar, endurnýta pappír og plast úr endurvinnslu-tunnum.	Allir á deild-inni, umhverfis-nefndar fulltrúi deildarinnar er með yfir-umsjón.	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Myndræn skráning og myndbands-upptökur. Umræður með barnahópnum og mat með þeim um vorið.	Mats-blað notað í umræðu með börn-unum. Þekking þeirra á viðfangs-efninu metin.



Sköpun	Efla börnin í þeirra sköpun. Starfsmenn og kennarar sleppi tökum og börnin stýri ferðinni.	Hafa efni-viðinn í hæð barnanna inni á deildum. Umræða við starfsfólk strax í byrjun vetrar, fræðsla um sköpun ef þess þarf og undirbúningur.	Deildarstjóri	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Myndræn skráning. Umræða og markmið sett á deildarfundum í ágúst, ákveða lykilspurningar sem leiða á skapandi starf með.	Matsblöð á deildum. Umræða um vor. Skráningar á veggjum.
Sjálfssefning	Efla sjálfs-hjálp barnanna og þrautseigju þeirra.	Börnin skammti sér sjálf, skeri sjálf og smyrji í kaffinu. Gerð krafa á að þau klæði sig sjálf og reyni á sig í þessum aðstæðum. Leiða þau áfram, ekki gera fyrir þau.	Deildarstjóri	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Lykilspurningar/setningar til þess að leiða börnin áfram sem allir nota. Fara í gegnum hvernig við kennum börnunum án þess að gera alltaf fyrir þau.	Mat að vori. Hvernig tókst til? Hver er geta barnanna? Bjarga þau sér sjálf í lok vetrar?

5 Innra mat - Undralækur (börn fædd 2018)

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Eininga-kubbar	Tengja eininga-kubbana	Leggja meiri áherslu á	Deildarstjóri	Ágúst 2022	Des-emb-	Fylgjast með og vekja áhuga hjá	Aukin notkun



	meira við úti-kennslu og náms-ferðir.	eininga-kubbana og nota þá meira sem leikefni fyrir börnin. Haf reglu-legalar kubba-stundir og kveikja meiri áhuga barnanna á eininga-kubbum.			er 2022	börnum, hafa reglulega kubbastundir. Skrá niður kubbastundir og nýta til umræðna á deildarfundum.	eininga-kubba og ánægju-legalur leikur barnanna með þá.
Listsköpun	Auka efnivið í sköpun á deildinni og hafa hann aðgengi-legalan fyrir börnin.	Listsköpun í boði alla daga á deildinni, nota máln-ingatrönur og hafa efniviðinn aðgengi-legalan fyrir börnin. Hvetja til að nota fjölbreyttar aðferðir og fjölbreyttan efnivið og kanna áhugasvið barnanna.	Deilda-stjóri	Ágúst 2022	Des-emb-er 2022	Skrá og fylgjast með. Metið á deildarfundum og með börnum.	Börnin verða öruggari með þann efnivið sem er í boði og list-sköpun er hluti af dag-legu starfi.

6 Innra mat - Ljúfilækur (börn fædd 2018-2019)

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikefnið og umhverfi	Skapa betra umhverfi þar sem rými og efniviður býður upp á fjölbreyttar og skapandi leiðir til náms. Megin á- herslan verður opinn og skap- andi efniviður.	Yfirfara vel þann efni- við sem er til staðar og gera hann aðgengi- legri og eftirsóknar- verðari fyrir börnin. Á- hersla á að efniviður sé í hæð barn- anna og að þau geti sjálf sótt sér þann efnivið sem þau sækjast eftir hverju sinni.	Skipulag og utanum- hald er á ábyrgð deildar- stjóra.	Haut 2022	Vor 2023	Matið fer fram á deildarfundum þar sem rýnt er í hvernig tekist hefur til og hvort ástæða sé til frekari breyt- inga.	Líðan barna og áhugi á leikefninu eykst.
Sjálfefling barna	Efla sjálfshjálp í matar- og kaffitímum.	Unnið veður að því að efla sjálfsvitund og sjálfs- hjálp í matar- tímanum með því að börnin skammti sér sjálf og læri með því að meta eigin þarfir betur. Þau fá einnig tækifæri til þess að vera borð- þjónar þar sem þau leggja á borð, sækja	Skipulag og utanum- hald er á ábyrgð deildar- stjóra.	Haut 2022	Vor 2023	Matið fer fram á deildarfundum þar sem rýnt er í hvernig tekist hefur til og hvort ástæða sé til frekari breyt- inga.	



		matinn og kynna fyrir hinum börnunum hvað er í matinn hverju sinni. Efla vitund barnanna varðandi salernisferðir, þ.e. að þau geti betur lagt mat á hvenær þau þurfi á salernið. Við viljum auka heilbrigði barnanna með því að öll börn fari í hvíld. Um er að ræða notalega stund hvort sem börnin sofna eða ekki. Svefn er grunnþörf og henni verður að mæta með hagsmuni barnsins í að leiðarljósi. Við ætlum að vera duglegri við að fara í ferðir og leyfa börnunum að reyna á sig.					
--	--	--	--	--	--	--	--



		Þau eru svo mögnuð og fær um svo margt, passa að vanmeta ekki hæfni þeirra. Þessu öllu til stuðnings viljum við leggja inn sjónrænt dagskipulag þar sem öll geta séð að hverju er stefnt hverju sinni en slíkt eykur öryggi meðal barnanna.					

7 Innra mat – Draumalækur (börn fædd 2019-2020)

Það var algjör endurnýjun á deildinni þennan vetur, 15 ný börn og einnig komu þrír nýir starfsmenn inn fyrir áramót og einn í byrjun árs. Við vorum alveg fram að áramótum að koma jafnvægi á deildina og venja börnin við að vera á leikskóla og sjá fleiri en bara sína nánustu. Því var byrjað alveg upp á nýtt að vinna með áherslurnar *ég þori, get og vil*, umgengi og gæðamálörvun.

Við erum farnar að sjá framfarir hjá börnunum, þau eru farin að vera duglegri að nota orðin sín, fara betur með bækurnar, eru duglegri að klæða sig í og úr fötunum, skiptast á og samskiptin þeirra á milli eru almennt góð.

Í starfinu 2022-2023 verður lögð áhersla á málörvun í fataklefanum. Við ætlum að halda áfram að auka orðaforða barnanna og þar gefast mörg tækifæri til að auka orðaforðann með fjölbreyttu orða- vali og samræðum kennara og barnanna.

Einnig verður lögð áhersla á umhverfismennt, við höldum áfram að tala um moltuna, flokka plast og pappír og ræða við börnin um hvernig hægt er að endurnýta.

Við ætlum að leggja áherslu á ýmsa þætti læsis og hlutverk barnanna í daglegu starfi leikskólans. Við höldum áfram með borðþjón og sópara dagsins og virkjum börnin til að „stimpla“ sig inn og út í upphafi og lok dags með því að færa mynd af sér á réttan stað eftir því hvort þau eru að koma í leikskólann eða fara heim. Í haust ætlum við kennararnir að byrja á því líka þannig að auðvelt verði að sjá hverjir eru í leikskólanum á hverjum tíma. Okkur hefur gengið vel með borðþjón dagsins en við ætlum að leggja meiri áherslu á að virkja sópara dagsins við að fara yfir fataklefann með kennara, raða í skóhillurnar og hafa fataklefann fallegan.

Við ætlum að merkja leikefnið, bæði með mynd og texta, og halda áfram að kenna börnunum að umgangast bækurnar og fara vel með þær. Börnin eru áhugasöm og leita mikið í bækurnar, vilja láta lesa fyrir sig og skoða sjálf. Við ætlum að vera duglegri að skipta út bókum, fara yfir bókasafnið á tveggja mánaða fresti, taka út lúnar bækur og bæta við nýjum og fjölbreyttum titlum. Áfram verður unnið að eflingu orðaforðans með því að kenna börnunum þulur og kvæði og að styðja við hljóðkerfisvitund þeirra með því t.d. að „klappa“ atkvæði í orðum.

Við ætlum að vinna með læsi barnanna á umhverfið og fara vikulega í gönguferðir um nánasta umhverfi leikskólans, ræða um veðrið og árstíðarnar, skoða gróðurinn, fuglana og það sem vekur athygli okkar á leiðinni.

UMBÓTA-ÞÁTTUR / MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun / Í fataklefanum	Að auka orðaforða barnanna og fjölbreytni í orðavali.	Setja orð á hluti og athafnir, ræða við börnin og hlusta á þau.	Deildarstjóri og starfsmenn	September 2022	September 2023	Á deildarfundum, TRAS	Orðaforði barnanna hefur aukist.
Umhverfismennt / moltan / endurnýting	Að kenna börnunum um hringrás moltunnar og að endurnýta.	Ræða við börnin, t.d. í samveru og matartímum, um moltuna og hringrás hennar. Nýta verðlausan eða endurnýtanlegan	Deildarstjóri og starfsmenn	September 2022	September 2023	Á deildarfundum og út frá áhuga barnanna. Skoða í lok vetrarhlutfall verkefna barnanna úr verðlausum / endurnýtum efnivið.	Að börnin taki þátt í hverri viku við vinnu moltugerðar. Að meiri hluti verkefna barnanna



		efnivið í verkefnum barnanna.					sé úr verðlausum efnivið.
Læsi / hlutverk barnanna	Vinna með að börnin taki virkan þátt í starfi leikskólans og hafi. Styðja áhuga barnanna á bókum og auka orðaforða þeirra. Merkja leikefni bæði með myndum og orðum. Efla umhverfislæsi barnanna.	Velja á hverjum degi borðþjón og sópara og leggja áherslu á hlutverk þeirra. Hafa bækur aðgengilegar fyrir börnin og skipta reglulega út bókum. Kenna þulur og kvæði og efla hljóðkerfisvitund með því t.d að klappa atkvæði orða. Efla læsi á umhverfið með gönguferðum um nágrenni leikskólans.	Deildarstjóri og starfsmenn	September 2022	September 2023	Á deildarfundum og með því að setja upp lista þar sem merkt er við hvaða börn eru búin að vera með hlutverk. Merkja við skiptingu bókana á tveggja mánaða fresti. Byrja með nýja þulu/kvæði þegar meirihluti barnanna er farin að ná þulunum að mestu og farinn að botna hvert erindi eða hverja línu. Skrá hvenær og hvert er farið í gönguferðir.	Að börnin „stimpli“ sig inn og út án þess að þau séu minnt á það. Börnin fari vel með bækurnar og sýni þeim áhuga og læri þulur og kvæði. Börnin kynnist umhverfi leikskólans og árstíðum, gróðri og fuglum.

7 Innra mat - Sunnulækur (börn fædd 2019-2020)

Skólaárið 2020-2021 var sett á laggirnar þróunarverkefnið „Þori, get og vil“ sem var ætlað að styrkja frumkvæði og sjálfstæði barnanna. Því átti að ná fram með því að hlusta betur á raddir barnanna og sýna þeim valkostina sem þau hafa í daglegu starfi. Til að meta hvernig til tókst var hugmyndin að skrá niður hvaða efnivið og verkefni börnin sóttu helst í. Lítið varð úr skriflegum skráningum en við

reyndum að fylgjast vel með hvað börnin léku með og hvað þau höfðu mestan áhuga á að fást við. Þetta átti við jafnt úti sem og inni. Börnin á deildinni höfðu t.d. mikinn áhuga á allskyns kubbum og því var lögð áhersla á að hafa alla kubba alltaf aðgengilega og auðga leik barnanna með þá á markvissan hátt, t.d. með því að gefa leiknum nægt rými og tíma jafnt í frjálsum leik sem og skipulögðum kubbastundum með Elvu.

Umgengni í Laugasól var þáttur sem við endurmátum einnig og reyndum að vera vakandi fyrir að bæta. Við litum í eigin barm og reyndum að bæta okkar umgengi, til dæmis í listasmiðjunni, svo ekki væri að safnast upp dót og drasl hér og þar á deildinni. Við reyndum að fá börnin í lið með okkur frá upphafi í því að hafa fallegt og snyrtilegt í kringum okkur. Þau fengu hlutverk sópara sem sér um að halda fataklefanum okkar snyrtilegum og hefur það gengið mjög vel og börnin áhugasöm um það. Erfiðar hefur reynt að fá öll börnin til að vera virkir þátttakendur í tiltekt og frágangi á leikföngum eftir frjálstan leik en þau eru mistilbúin að aðstoða við það. Við reynum að gefa góðan tíma í frágang en oft endar það samt með því að örfá börn og kennarar sjá um mest allan frágang. Þetta þurfum við að halda áfram að vinna að og bæta.

Gæðamálörvun er þáttur sem er alltumlykjandi í daglegu starfi í leikskólanum. Við lögðum upp með að setja orð á allar athafnir, gefa öllum börnum tíma og lesa meira fyrir þau. Okkur finnst vel hafa til tekist við að hafa málumhverfið virkt og lifandi og leggjum upp úr því að spjalla mikið við börnin. Einnig höfum við bætt okkur í því að lesa fyrir börnin og með þeim og höfum skipt börnunum í minni hópa til þess að þau njóti lestrarstundanna betur. Þetta hefur gefið góða raun og börnin hafa gagn og gaman að þessum stundum. Það má samt sem áður alltaf bæta í og allir þurfa að vera meðvitaðir um að viðhalda þessum þætti.

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi / hlutverk barnanna	Auka málnotkun og virkni barnanna í daglegu starfi.	Nota hlutverk eins og borðþjón og sópara. Nota inn- og útstimplun fyrir börnin í fataherbergi.	Deildarstjóri og starfsmenn	Haut	Vor	Á deildarfundum með umræðum	Að börnin eflist bæði í málnotkun og í læsi í víðasta skilningi.
Umhverfismennt, moltun og endurnýting	Auka virkni barnanna í moltuninni og endurvinnslu, gera þau að þátttakendum.	Láta börnin fara með Svanga Manga í tunnuna, hjálpa til við að tæma pappír/plast.	Allir starfsmenn	Haut	Vor	Á deildarfundum með umræðum	Börnin séu þátttakendur í moltuninni og meðvituð um hringrás hennar.



Málörvun í fataklefa	Nýta tímann í fataklefanum í virka málörvun	Nota fjölbreyttan orðaforða í fataklefanum, nefna athafnir og fatnað meðvitað.	Allir starfsmenn	Haut	Vor	Á deildarfundum með umræðum	Að börnin læri helstu orð og hugtök um fatnað og athafnir tengdar klæðnaði.
----------------------	---	--	------------------	------	-----	-----------------------------	---

8 Innra mat - Mánalækur (börn fædd 2019-2020)

Í vetur tókum við fyrir læsi, umhverfismennt og málörvun.

Þessir þættir voru síðan þrengdir í: **Hlutverk fyrir börnin:** við inngang á deildina eru „tvö hús“, leikskóli og heima, og börnin færa mynd af sér á milli húsa, setja myndina í leikskólann þegar þau mæta að morgni en í heima þegar þau fara í lok dags. Hvert barn fær að vera borðþjónn í viku í senn, það leggur á borð og sækir matinn. Hvert barn fær að vera sópari í viku, sópa yfir fataklefann og ef kusk sést á sveimi.

Moltun/endurnýting: Ávaxtaafgangar fara í Svanga Manga sem síðan fer út í moltutunnu og þar þarf að hræra og setja stoðefni. Vera þolinmóð og bíða eftir að moltan verði tilbúin því síða notum við hana þegar kemur að því að rækta að vori ásamt því að gefa trjánum í garðinum vítamín. Við reynum eftir fremsta megni að endurnýta það sem til fellur í leik með börnunum s.s. pappír, eggjabakkar, plastdósir, pappakassar o.s.frv.

Málörvun í fataklefa: Orð sett á allan fatnað og athafnir ásamt hægri og vinstri, t.d. húfa, vettlingar, sokkar, úlpa o.s.frv.; hneppa, renna, reima o.s.frv.

Haustið 2022 verður mikil endurnýjun á deildinni og því verður áfram unnið með læsi, umhverfismennt og málörvun með nýjum barnahópi veturinn 2022-2023.

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi / hlutverk barnanna	Efla sjálfs- traust og fá tilfinningu fyrir því að hafa hlutverki að	Velja borðþjónn vikunnar og sópara vikunnar. Inn- og útstimplun barna og starfsfólks sýnileg í fataklefa.	Allir deildarstarfsmenn	Haut 2022	þegar börnin hætta á deildinni.	Metið með broskalli (ef börnun finnst gaman) eða fýlukalli (ef þau eru óánægð). Myndræn skráning.	Mælikvarði 1-5 (ekki ánægð – mjög ánægð). Umræður á deildarfundum.

	gegna í lífinu.						
Umhverfismennt, moltun og endurnýting	Að börnin verði meðvituð um hringrás lífsins. Átti sig á að hlutir séu til margra nota nyt-sam-legir, s.s. nammi-bréf sem skraut, leir í jógúrt-dós o.s.frv.	Börnin eru virkir þátt-takendur í öllu sem viðkemur Svanga Manga. Börnin koma með að heiman sitt hvað sem má endurnýta í leik og sköpun.	Allir deildarstarfsmenn	September 2022	Þegar börnin hætta á deildinni.	Metið með broskalli eða fýlukalli. Myndræn skráning.	Mæli-kvarði 1 – 5. Umræður á deildarfundum.
Málörvun í fataklefa	Auka orða-forða barn-anna.	Setja orð á allan fatnað og athafnir.	Allir deildarstarfsmenn	September 2022	Þegar börnin hætta á deildinni.	Skráning á aukningu orða-forða tengdum fataklefa.	Umræður á deildarfundum.

9 Innra mat sérkennslu

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópa-starfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslustjórar Laugasólar skólaárið 2021-2022 voru tveir í 1,73 stöðugildum. Eygló Guðjónsdóttir var í 82.1% starfshlutfalli og sá um málörvun, ráðgjöf og handleiðslu, aðallega á 4 deildum. Júlía Hafþórsdóttir var í 100% starfshlutfalli og sá um atferlisþjálfun, ráðgjöf og
--	--



	handleiðslu, aðallega á 4 deildum. Vinna sérkennslustjóra var samt mest sameiginleg og voru þeir vel upplýstir um öll mál. Deildarumsjón sérkennslustjóra felur í sér ráðgjöf til allra starfsmanna á deildum, aðstoð deildarstjóra við skipulagningu starfsins, stuðning við deildarstjóra á fundum með foreldrum, sækja um viðeigandi þjónustu frá þjónustumiðstöð og sjá til þess að þeirri ráðgjöf sé fylgt eftir. Menntun án aðgreiningar er alltaf hornsteinninn í okkar starfi og er unnið með náttúrulega kennslu í flestum aðstæðum. Þó er einstaklingsþjálfun einnig partur af okkar starfi og hefur það sýnt fram á bættan árangur nemenda með þroskafrávik þar sem þau börn yfirfæra kunnáttuna í daglegt líf. Í einstaklingskennslu vinnum við eftir aðferðum atferlisgreiningar og notum viðeigandi skráningarform. Á þeim skráningum kemur fram dagssetning, hvenær ný færni er kynnt og hvenær hún er lærð. Skráningarnar sem notast er við eru: AHA skráningar, VB-Mapp og gátlistar sem eru unnir uppúr TRAS og AEPS. Vinna með einhverfum börnum og börnum með mikil þroskafrávik felur í sér starfsþjálfun sérkennara, gerð einstaklingsáætlana og markmiða, að fylgjast með þjálfun og fundi með foreldrum. Hegðunaráhlutanir fela í sér ráðgjöf til deildarstarfsmanna og gerð áætlana sem allir starfsmenn á deild eiga að fylgja, funda með foreldrum og deildarstjórum til að unnið sé að sömu markmiðum. Málörvun felur í sér ráðgjöf til deildarstarfsmanna. Gerðir voru málörvunarkassar með leiðbeiningum fyrir yngstu deildarnar sem allir starfsmenn geta notað. Deildarstarfsmenn fengu fyrirlestur um markvissa málörvun og í kjölfarið verkfæri sem deildarstarfsmenn gátu notað í daglegu starfi. Félagsfærniþjálfun felur í sér starfsþjálfun sérkennara, að setja upp markmið þjálfunar sem helst er framkvæmd í litum hópi inni á deild, að
--	--



	huga að hvar barni skortir færni, vinna með það og nota sérstakt skráningarblað.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans. TRAS á að leggja fyrir börn á aldrinum 2-5 ára. AEPS matslisti er notaður til að finna grunnlínu þroska einstakra barna og einstaklingaáætlun og síðan er unnin út frá niðurstöðum. VB-Mapp og Behavioral Intervention for Young Children with Autism eru matslistar til að skoða grunnlínu þroska barna og hafðir til hliðsjónar í gerð einstaklingsáætlana með einhverfum börnum. Íslenski þroskalistinn er matslisti sem mæður fylla út ef grunur er um frávik í þroska barna á aldrinum 3-6 ára. Smábarnalistinn er þroskalisti sem mæður fylla út ef grunur er um frávik í þroska barna á aldrinum 15-38 mánaða. Orðaskil er notað til að finna grunnlínu orðaforða hjá einstökum börnum og í framhaldinu sem leiðarvísir í innlög á orðaforða. EFI 2 er til að skima fyrir málskilning og máltjáningu einstakra barna.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Til að efla málþroska yngstu barna voru keypt spil, loðtöflur, dýr, sögur, kubbar, slæður og púsl. Þetta var sett í málörvunarkassa og leiðbeiningar með um hvernig væri hægt að nýta efniviðinn í mismunandi málörvun. Einnig voru notuð fjölbreytt spil og sögur. Jafnframt var notað efni af vefnum https://fjol-breyttkennsla.is/ og keyptur var gagnabanki vegna Hljóm-2 prófsins. Auk þess voru keyptar Litla Sól og Sól bækurnar. Til að efla félags- og tilfinningaþroska nýttum við efni frá hegðunarráðgjöfum frá þjónustumiðstöð og útbjuggum hegðunarlutanir fyrir einstaka börn og markmið. Í einstaklingskennslu er VB-mapp listinn notaður til að miða við þegar gerðar eru einstaklingsáætlanir.



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir	Viðmið um árangur
Innleið- ing lausna- teymis	Nýta þarf þekkingu og mannauð sem er í leikskólanum áður en kallað er eftir sérúrræðum. Stofna lausnateymi sem samanstendur af deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra. Teymið hittist á 3 vikna fresti, fer yfir einstaka mál og ræðir um íhlutun við hæfi. Fyrir fundi teymisins þarf deildarstjóri að fylla út tilbúið skráningarblað um viðkomandi barn og komið til sérkennslustjóra. Ef sú íhlutun sem sett er af stað ber ekki árangur eftir tvo fundi er kallað eftir frekari þjónustu frá þjónustumiðstöð.	Upplýsa deildarstjóra og leikskólastjóra og setja niður skipulag funda að hausti.	Sérkennslustjórar og deildarstjórar.	Septembar 2022	Verður hluti af verklagi sérkennslunnar og lýkur aldrei.	Skoða fjölda sendra tilvísana á þjónustumiðstöð.	Að við sendum inn færri tilvísanir og að mannauðurinn á leikskólanum öðlist meiri sjálfstraust.
Útbúa skráningar- blöð fyrir mál- örvun og leik-	Til að meta árangur þarf að skoða oft hvort sú íhlutun sem er verið að vinna með sé að bera árangur.	Útbúa og prófa skráningarblöð fyrir málörvun.	Sérkennslustjórar.	Sumar 2022	Haust 2022	Metið í samvinnu við sérkennara sem myndu nýta sér	Skráningar eru auðveldar, auðlesnar og hægt að meta árangur.



og félagsfærniþjálfun						skráningarblöðin.	
Breytt uppsetning sérkennslu	Uppsetning sérkennslu verður þannig háttað að sérkennarar skipta á milli sín verkum. Öll börn sem þurfa auka stuðning fái viðeigandi íhlutun sem fyrst.	Sérkennslustjórar útbúa stunda- töflu fyrir hvern sérkennara. Sérkennarar hafa þá umsjón með málörvun, leik- og félagsfærni og atferlíshlutun.	Sérkennslustjórar	Septembar 2022	Verði hluti af vinnu- lagi sérkennslunnar og lýkur aldrei	Metið mánaðarlega á fundi með deildarstjórum, sérkennurum og sérkennslustjórum.	Skoða skráningarblöð, meta árangur á deildinni í samtali við deildarstarfsmenn.

10 Innra mat – fjöltyngd börn

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í starfsmannahald.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Höfum orð á öllu sem við gerum, tölum við og hlustum á börnin.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir, spil, leikur. Á sumum deildum er reynt að hafa litla hópa þar sem lesnar eru sögur við hæfi en erum ekki eingöngu með fjöltyngd börn í þeim hópum heldur blönduðum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Tras fyrir öll börn en höfum í huga að þau eru fjöltyngd. Höfum líka notað Orðaforðalistann frá Menntamálastofnun til hliðsjónar. Sérkennslustjóri (sem hefur umsjón með fjöltyngdum börnum) gefur ráð inn á deildum. Áætlanir gerðar fyrir þau börn sem standa illa.



Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og mál-skilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við reynum það en hér og í daglegu starfi og samskiptum eflum við orðaforða og skilning og börnin læra líka af jafningjum. Fullorðnir eru hvattir til að spila með börnunum til að geta lagt inn orð. Við reynum að styðja við börnin svo þau geti tjáð sig.
---	--

11 Umbótaáætlun - fjöltyngd börn 2022-2023

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tæki-færi til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Mark-vissari vinna með þau börn sem þurfa auka mál-örvun.	Setja af stað mark-vissa mál-örvun. Gera deildar-starfs-menn með-vitaðir um hvernig eigi að vinna með tvítyngd börn.	Sér-kennslu-stjórar og deildar-stjórar.	Haut 2022	Verði hluti af vinnulagi sér-kennslunnar og lýkur aldrei	Skráning á mál-kunnáttu barn-anna og samtal við deildar-starfsmenn.	Nota TRAS, Hljóm-2 fyrir eldri börn og EFI fyrir börn á þriðja aldurs-ári. Einnig skráningar-blöð.

12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á vorönn. Samtölin voru boðuð með viku fyrirvara og fékk hver starfsmaður undirbúningsblað frá leikskólastjóra.

Símenntun frá síðasta ári

Covid gerði okkur erfitt fyrir í upphafi skólaárs varðandi fræðslu til allra starfsmanna en í heildina nýttum við skólaárið vel og erum alltaf að bæta við okkur þekkingu.

Eftirfarandi fræðsla var fyrir alla kennara Laugasólar sl. skólaár:



Ágúst 2021 – Hlutverk kennarans í Laugasól – Helga Ingvadóttir leikskólastjóri og Hanna Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

September 2021 – Nýliðafræðsla – Helga Ingvadóttir leikskólastjóri og Hanna Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

Október 2021 - Sköpun- Lýðræði og gagnrýnin skapandi hugsun – Kristín Hildur Ólafsdóttir sérfræðingur á SFS.

Október 2021 – Vinna með einingakubba – Elva Önundardóttir.

Janúar 2022 – Febrúar 2022 Hinseginfræðsla – Regnbogavottun Reykjavíkurborgar - Hafdís Erla Hafsteinsdóttir.

Apríl 2022 - Leiðin að réttindaskóla Unicef varðandi barnasáttmálann. Hanna Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Sólveig Pálsdóttir deildarstjóri kynna niðurstöður heimsóknar til Stokkhólms, hópa- vinna og umræða.

Maí 2022 – Færni til framtíðar, örvun hreyfifærni barna úti í nánasta umhverfi. - Sabína Steinunn Halldórsdóttir.

Námskeið/ráðstefnur/kynningar

Tveir kennarar fóru á námskeið til Stokkhólms í apríl vegna þróunarverkefnis sem við erum að taka þátt í með Unicef, Menntavísindasviði og sex öðrum leikskólum í Reykjavík.

Allir fóru í námsferð til Selfoss í maí. Þar kynntum við okkur skólastarfið í fimm leikskólum.

Einn kennari var í meistaranámi í leikskólafræðum þetta skólaár.

Ýmis námskeið sérkennara/sérkennslustjóra:

Sérkennslustjórar fóru á TRAS, VB-mapp námskeið, PECS og skráningarnámskeið hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Einn sérkennari fór á EFI-2 málþroskaskimun hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Tveir sérkennarar fóru á Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins.



13 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Stjórnendur Laugarnesskóla, leikskólans Laugasólar, leikskólans Hofs og frístundaheimilisins Laugasels hittumst á vormánuðum og ákváðu að taka upp þráðinn eftir covid og skipulögðu samstarf næsta skólaárs. Ákveðið var að kennarar hittist í haust og útfæri eftirfarandi þætti:

- Haustheimsókn 1. bekkjar í leikskólann.
- Nóvember - Heimsókn 5. bekkjar í leikskólanna í kringum dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember.
- Desember - Bókasafnsheimsókn leikskólabarna í Laugarnesskóla.
- Janúar - Heimsókn til Sigríðar Heiðu skólastjóra Laugarnesskóla.
- Mars – Leikskólaheimsóknir í Laugarnesskóla.
- Apríl / maí – kynning fyrir leikskólana á starfi Laugasels, gert í leikskólanum fyrir eldri nemendur leikskólanna.
- Maí – Heimsókn leikskólabarna í Laugasel.
- 17. maí - Gleðidagur í hverfinu tengdur Regnbogavottun skólanna.

Laugalækjarskóli/Laugasól

- Sögugerð - Samstarf við nemendur í 7. bekk, eldri börnum úr Laugasól boðið í heimsókn með það að markmiði að kynnst þeim og fá hugmyndir þeirra og viðhorf um barnasögur. Börnunum er skipt niður í litla hóp þar sem nemendur spyrja spurninga og spjalla. Viku seinna fara allir nemendur í 7. bekk í nokkrum hópum að heimsækja leikskólann og lesa upp sögurnar sem þau höfðu samið með leikskólabörnunum.

Samstarf við Tónlistarskóla Sigursveins.

- Elstu börnin eru í samstarfi við Tónlistarskóla Sigursveins, sem felst meðal annars í heimsókn í tónlistarskólann og árlegu samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíðina.

14 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði Laugasólar eru þrír fulltrúar. Sömu fulltrúar eru búnir að sitja í foreldraráði sl. tvö ár og þarf að boða til kosninga í haust. Foreldraráð fer yfir starfsáætlun ár hvert og kemur að ákvörðun um sumarlokun skólans, einnig geta ýmis önnur mál komið til foreldraráðs. Stjórnendur Laugasólar sitja fundi með foreldraráði og markmiðið er að funda með foreldraráðinu ekki sjaldnar en einu sinni á hverri önn.

Í stjórn foreldrafélagsins eru starfandi 6 foreldrar. Stjórn foreldrafélagsins ásamt leikskólastjóra funda/eða senda tölvupóst á milli nokkru sinnum á skólaárinu.

Foreldrafélagið skipuleggur uppákomur fyrir börnin og styður leikskólann vegna kaupa á námsefni. Má nefna að seinasta skólaár gaf foreldrafélagið okkur nokkur hjól í garðana okkar.

15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

22. ágúst, sameiginlegur dagur í hverfi.

26. október, sameiginlegur dagur í hverfi.

25. nóvember, sameiginlegur dagur í hverfi.

27. febrúar, sameiginlegur í hverfi.

19. apríl, námsferð Laugasólar til Stokkhólms.

21. apríl, námsferð Laugasólar til Stokkhólms.

16 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal Laugasólar 2022-2023

Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Laugasólar

Helga Ingvadóttir
Leikskólastjóri

5. júlí 2022
Dagsetning

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Laugasól

Umsögn foreldraráðs

Umsögn Foreldraráðs um starfsáætlun 2022-2023 Nýafstaðið skólaár var að hluta litað af heimsfaraldri en skertist ekki mikið fyrir utan lokun í byrjun árs vegna hópsýkingar. Er það mest að þakka góðri stjórn og þrautsegu starfsfólks og foreldra. Blessunarlega er skólastarf nú allt komið í eðlilegt horf og hægt hefur verið að halda viðburði eins og sumarhátíð og halda kubbastundum gangandi. Hversdagsleikinn er ómetanlegur þegar við höfum öll prófað annað og erum við foreldrar óendalega þakklátir fyrir starfsfólkið sem mætir börnunum okkar með bros á vör á hverjum degi. Viðhald á húsnæði og yfirvofandi framkvæmdir hafa óneitanlega sett svip sinn á skólastarfið og samstarf við foreldra. Eðlilega hafa vaknað áhyggjur yfir framhaldinu. Skólastjórnendur hafa sýnt auðmýkt og skilning á aðstæðum ásamt því að horfa áfram veginn og hugsa í lausnum. Sú hugmynd kom upp að stofna samráðshóp með fulltrúum foreldris, stjórnendum, fulltrúum úr foreldraráði og fulltrúum frá Reykjavíkurborg. Þetta reyndist mjög góður vettvangur til að miðla upplýsingum og ræða málin. Síðasti fundur var haldinn nú í byrjun júní og var hann mjög lausnamiðaður og góður. Það er ánægjulegt að sjá að kennarar leggja mikinn metnað í að huga vel að aðlögun nýrra barna sem byrja í leikskólanum. Það gefur okkur foreldrum mikið öryggi. Það er tekið fram í starfsáætlun að aðlögun miðist við að hámarki 10 börn og góður tími skuli gefinn á milli nýrra hópa. Einnig er hugað vel að aðlögun milli húsa og fara börnin í heimsókn reglulega yfir sumarið. Starfsfólkið vill gefa þessari aðlögun meiri tíma og bæði kennarar og foreldrar taki þátt í aðlögun. Það er ekki síður stórt skref fyrir börnin en foreldrana þegar litla barnið flyst yfir á „stóru“ deildina þannig að gott er að sjá að vandað sé til verka. Laugasól er til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfismennt sem hefur áhrif á fjölskyldur barnanna og gerir fólk almennt meðvitaðra. Þau fengu grænánann enn eitt árið sem er frábært. Einnig fengu þau regnbogafánann þetta árið líkt og aðrir skólar í hverfinu. Þetta sýnir metnað fyrir því að auka meðvitund um hinsegin börn og foreldra og að fjölbreytileikanum sé fagnað. Börnin okkar eru lánsöm að njóta góðs af verkefnastjóra Laugasólar sem sinnir kubbastundum og umhverfismennt og sköpun. Einingakubbar eru notaðir markvisst til að börnin læri rúmfræðilegt samband á milli kubba svo sem röðun, nálægð og fleira. Verkefnastjóri kubbastunda hefur haldið reglulegar kubbastundir inn á deildum og hefur heimsfaraldurinn sem betur fer ekki mikið raskað því starfi. Smám saman læra börnin að umgangast kubba og kennarinn hefur verið meira á hliðarlínunni til að ýta undir sjálfstæðan leik. Verkefnastjórinn er meðvitaður um jafnvægið milli þess að kenna og leyfa leiknum að flæða en



stundum gefast tækifæri fyrir börnin að telja kubbana til dæmis við frágang en þó eru börnin mis tilbúin í það að hennar sögn. Verkefnastjórinn hefur einnig haft umsjón með umhverfismennt sem hefur verið aðallega í boði fyrir elstu deildirnar. Þetta hefur verið ánægjulegt. Á starfsáætlun má sjá að rík áhersla er lögð á málörvun og hún fléttuð inn í daglegt starf þar sem kennarar nota stundir eins og í fataklefanum til málörvunar, samverustundir og leik. Markvisst er unnið með orðaforða barna með því að hafa orð á öllu. Við heyrum það og finnum hjá okkar börnum hvað orðaforða þeirra fleytir fram. Það er einnig ánægjulegt að sjá að á næsta skólaári verður unnið enn meira með læsi sem er grundvöllur fyrir allt frekara nám. Í foreldraviðtölum er farið yfir málþroska barnanna. Kennarar nota Tras skráningarlista til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Það er frábært að sjá það svart á hvítu hvar barnið sitt stendur. Það er ánægjulegt að sjá í niðurstöðum í viðhorfskönnun á meðal starfsmanna að starfsánægja, viðurkenning, tilgangur, stjórnun og starfsandi eru þættir sem skora hátt hjá starfsfólki Laugasólar. Svo eru þættir sem erfiðara er að eiga við sem skora lágt eins og álag, heimsfaraldur og þess háttar. Fyrir okkur sem foreldra, gefur það öruggi að vita að starfsandinn og stjórnun sé góð því það skilar sér svo sannarlega í ánægðum börnum og góðu starfi. Faglegt starf er til fyrirmyndar á Laugasól þar sem þau sækja námskeið, fara í námsferðir og einn starfsmaður er í meistaranámi. Það er ljóst að það er metnaður fyrir starfinu. Við erum stolt að eiga börn á Laugasól og gefum starfsáætlun næsta skólaárs góða umsögn. Með hlýjum kveðjum, Kristín Björg, Lína og Selma

Foreldraráð leikskólans skipa:

Lína Dögg Ástgeirsdóttir
Kristín Björg Viggósdóttir
Selma Gunnarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat - fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístunda- sviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.



Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Umsögn Foreldraráðs um starfsáætlun 2022-2023

Nýafstaðið skólaár var að hluta lítað af heimsfaraldri en skertist ekki mikið fyrir utan lokun í byrjun árs vegna hópsýkingar. Er það mest að þakka góðri stjórn og þrautsegu starfsfólks og foreldra. Blessunarlega er skólastarf nú allt komið í eðlilegt horf og hægt hefur verið að halda viðburði eins og sumarhátíð og halda kubbastundum gangandi. Hversdagsleikinn er ómetanlegur þegar við höfum öll prófað annað og erum við foreldrar óendalega þakklátir fyrir starfsfólkið sem mætir börnunum okkar með bros á vör á hverjum degi.

Viðhald á húsnæði og yfirvofandi framkvæmdir hafa óneitanlega sett svip sinn á skólastarfið og samstarf við foreldra. Eðlilega hafa vaknað áhyggjur yfir framhaldinu. Skólastjórnendur hafa sýnt auðmýkt og skilning á aðstæðum ásamt því að horfa áfram veginn og hugsa í lausnum. Sú hugmynd kom upp að stofna samráðshóp með fulltrúum foreldris, stjórnendum, fulltrúum úr foreldraráði og fulltrúum frá Reykjavíkurborg. Þetta reyndist mjög góður vettvangur til að miðla upplýsingum og ræða málin. Síðasti fundur var haldinn nú í byrjun júní og var hann mjög lausnamiðaður og góður.

Það er ánægjulegt að sjá að kennarar leggja mikinn metnað í að huga vel að aðlögun nýrra barna sem byrja í leikskólanum. Það gefur okkur foreldrum mikið öryggi. Það er tekið fram í starfsáætlun að aðlögun miðist við að hámarki 10 börn og góður tími skuli gefinn á milli nýrra hópa. Einnig er hugað vel að aðlögun milli húsa og fara börnin í heimsókn reglulega yfir sumarið. Starfsfólkið vill gefa þessari aðlögun meiri tíma og bæði kennarar og foreldrar taki þátt í aðlögun. Það er ekki síður stórt skref fyrir börnin en foreldrana þegar litla barnið flyst yfir á „stóru“ deildina þannig að gott er að sjá að vandað sé til verka.

Laugasól er til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfismennt sem hefur áhrif á fjölskyldur barnanna og gerir fólk almennt meðvitaðra. Þau fengu grænfánann enn eitt árið sem er frábært. Einnig fengu þau regnbogafánann þetta árið líkt og aðrir skólar í hverfinu. Þetta sýnir metnað fyrir því að auka meðvitund um hinsegin börn og foreldra og að fjölbreytileikanum sé fagnað.

Börnin okkar eru lánsöm að njóta góðs af verkefnastjóra Laugasólar sem sinnir kubbastundum og umhverfismennt og sköpun. Einingakubbar eru notaðir markvisst til að börnin læri rúmfræðilegt samband á milli kubba svo sem röðun, nálægð og fleira. Verkefnastjóri kubbastunda hefur haldið reglulegar kubbastundir inn á deildum og hefur heimsfaraldurinn sem betur fer ekki mikið raskað því starfi. Smám saman læra börnin að umgangast kubbana og kennarinn hefur verið meira á hliðarlínunni til að ýta undir sjálfstæðan leik. Verkefnastjórinn er meðvitaður um jafnvægið milli þess að kenna og

leyfa leiknum að flæða en stundum gefast tækifæri fyrir börnin að telja kubbana til dæmis við frágang en þó eru börnin mis tilbúin í það að hennar sögn. Verkefnastjórinn hefur einnig haft umsjón með umhverfismennt sem hefur verið aðallega í boði fyrir elstu deildirnar. Þetta hefur verið ánægjulegt.

Á starfsáætlun má sjá að rík áhersla er lögð á málörvun og hún fléttuð inn í daglegt starf þar sem kennarar nota stundir eins og í fataklefanum til málörvunar, samverustundir og leik. Markvisst er unnið með orðaforða barna með því að hafa orð á öllu. Við heyrum það og finnum hjá okkar börnum hvað orðaforða þeirra fleytir fram. Það er einnig ánægjulegt að sjá að á næsta skólaári verður unnið enn meira með læsi sem er grundvöllur fyrir allt frekara nám. Í foreldraviðtölum er farið yfir málþroska barnanna. Kennarar nota Tras skráningarlista til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Það er frábært að sjá það svart á hvítu hvar barnið sitt stendur.

Það er ánægjulegt að sjá í niðurstöðum í viðhorfskönnun á meðal starfsmanna að starfsánægja, viðurkenning, tilgangur, stjórnun og starfsandi eru þættir sem skora hátt hjá starfsfólki Laugasólar. Svo eru þættir sem erfiðara er að eiga við sem skora lágt eins og álag, heimsfaraldur og þess háttar. Fyrir okkur sem foreldra, gefur það öruggi að vita að starfsandinn og stjórnun sé góð því það skilar sér svo sannarlega í ánægðum börnum og góðu starfi.

Faglegt starf er til fyrirmyndar á Laugasól þar sem þau sækja námskeið, fara í námsferðir og einn starfsmaður er í meistaranámi. Það er ljóst að það er metnaður fyrir starfinu.

Við erum stolt að eiga börn á Laugasól og gefum starfsáætlun næsta skólaárs góða umsögn.

Með hlýjum kveðjum, Kristín Björg, Lína og Selma